

Úr borgarstjórn:

## „Búsetakerfið hreinasta blekking“

— samkvæmt samanburði Þjóðhagsstofnunar við kerfi Verkamannabústaða

„GRÓFASTA blekkingin sem nú er uppi varðandi nýjar leiðir í byggingu íbúða er Búsetakerfið. Það er látið að því liggja að það kerfi sé allsherjar lausn á íbúðavandanum og bjóði upp á þau langbestu og hagstæðustu kjör, sem hér hafa þekkt. En hver er niðurstaðan á samanburði Þjóðhagsstofnunar á kaupum samkvæmt kerfi verkamannabústaða og svo Búsetakerfinu?“ sagði Magnús L. Sveinsson, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins, á fundi borgarstjórnar Reykjavíkur á fimmtudag, þegar rætt var um fjárhagsáætlun borgarinnar.

„Samkvæmt útreikningi Þjóðhagsstofnunar frá 5. febrúar sl. á kaupum á 1500 þúsund króna íbúð í dag annars vegar eftir Búsetakerfinu og hins vegar eftir kerfi Verkamannabústaða, er niðurstaðan sú, eftir greiðslur samtals í 30 ár, að kaupandi samkvæmt verkamannabústaðakerfinu hefur greitt krónur 1.786.600 fyrir íbúðina og kaupandi eftir Búsetakerfinu krónur 2.635.600 fyrir sína íbúð. Greiðslubyrði samkvæmt Búsetakerfinu er um 50% meiri en samkvæmt verkamannabústaðakerfinu. Eftir þessi 30 ár er eign-

arhluti þess, sem keypti eftir verkamannabústaðakerfinu krónur 1.104.000 í íbúðinni, en þess sem keypti samkvæmt Búsetakerfinu 75.000,- krónur.

Samkvæmt útreikningi Þjóðhagsstofnunar er Búsetakerfið stærsta blekkingin, sem þekkt hefur í húsnæðismálum. Og hann sannar að verkamannabústaðirnir bjóða upp á miklu betri kjör.“ sagði Magnús. „Sá, sem ekki hefur lagt krónu til kaupa á íbúðinni samkvæmt Búsetakerfinu, eignast hana, en sá sem hefur greitt hana, stendur eftir allslaus.“



Frá opnun sýningarinnar á Kjarvalsstöðum í gær.

### Kjarvalsstaðir:

## Sýning á tillögum um hlutverk og mótun Arnarhóls

DAVÍD Oddsson borgarstjóri opnaði í gær sýningu á tillögum sem bárust í hugmyndasamkeppni um hlutverk og mótun Arnarhóls og umhverfis hans. Alls bárust 31 tillaga og valdi dómnefnd 6 tillögur til verðlauna og frekari keppi og úrvinnslu.

Reykjavíkurborg og Seðlabankinn stóðu að þessari hugmyndasamkeppni og var tilgangurinn að fá fram hugmyndir um lagfæringar á hólum með hliðsjón af nýtingu hans sem útivistarsvæðis. Í máli borgarstjóra við opnun sýningarinnar kom m.a. fram að allar hugmyndirnar sem bárust fólu í sér, að Arnarhól mætti lagfæra og raunar væri það nauðsynlegt ætti hann að vera augnauki í miðbæjararmyndinni og nýtast til almennrar útivistar. Þá sýndu allar tillögurnar að Ingólfur Arnarson er fastur í sessi í hugum manna á stalli sínum við Arnarhól.

Auk hinna sex tillagna, sem hlutu verðlaun og rétt til þátttöku á síðara þrepi, var ákveðið að kaupa tvær tillögur, sem verðlaunahafar mættu hafa gagn af í framhaldsvinnu sinni. Auk þess hlutu tvær tillögur sérstaka viðurkenningu, þótt dómnefnd teldi vafasamt að þær væru raunhæfar

vegna umfangs og kostnaðar.

Sýningin sem opnuð var að Kjarvalsstöðum í gær stendur fram til sunnudagsins 17. febrúar nk. og er opin alla daga frá klukkan 14.00 til 22.00. Þar gefst sýn-

ingargestum kostur á að láta álit sitt í ljós á þar til gerðum spurningalista.

Sjá nánar um verðlaunatillögurnar á bls. 14.

### Brú yfir Kringlumýrabraut:

## Hætta á einhverri röskun á meðan á byggingu stendur

GERT er ráð fyrir að bygging brúar yfir Kringlumýrabraut hefjist eftir u.þ.b. mánuð.

Að sögn Guttorms Þormar framkvæmdastjóra Umferðanefndar er hætta á að á meðan á byggingu hennar stendur verði einhver röskun á umferð um Kringlumýrabraut. Hann sagði að umferð minni bíla ætti þó að geta gengið eðlilega fyrir sig, þar sem henni verður beint undir verkpalla. Hæðin undir þá verður um 3–4 metrar.

Nú hefur verið óskað eftir tilboðum í ljósnema sem kveikir rautt ljós á móti bílum sem eru of háir til að komast undir verkpall-

ana. Ætlast er til að þessir bílar fari upp skábrautir sem liggja upp á Bústaðaveg og aftur niður á Kringlumýrabraut. Einnig verða settar upp merkingar, þannig að bílstjórar stórra bíla ættu að geta áttað sig í tíma og beygt upp á þessar skábrautir. Komið hefur til tals að setja upp bómu sem fellur niður um leið og rauða ljósið kviknar.

Helsta hætta á umferðartruflunum er sú að bílstjórar stórra bifreiða taki ekki eftir merkingunum og þurfi að stöðva við rauða ljósið. Í þeim tilfellum verða þeir að bakka eða snúa við og aka upp skábrautirnar.

### Landsfundur Sjálfstæðisflokksins:

## 11.—14. apríl í Laugardalshöll

LANDSFUNDUR Sjálfstæðisflokksins verður haldinn 11.—14. apríl nk. í Íþróttahöllinni í Laugardal.

Að sögn Kjartans Gunnarssonar, framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins, er Laugardalshöllin eina fánlega húsnæðið á


höfuðborgarsvæðinu sem rúmar þann fjölda, sem rétt hefur til setu á landsfundinum, eða 1.100 til 1.200 manns. Hann sagði ennfremur, að mjög kostnaðarsamt yrði að halda fundinn þarna, því flytja þyrfti að borð og stóla og gera íþróttahöllina aðgengilega sem fundarstað.

## 118 gripir á uppboði myntsafnara

ALLS verða 118 númer boðin upp á fundi Myntsafnarafélagsins í Templarahlöllinni klukkan 14.30 í dag. Á uppboðinu verður fjöldi forvitnilegra hluta frá mörgum löndum og sagði Ragnar Borg, myntsafnari, í samtali við Mbl. að þetta uppboð væri kórónan á starf fyrrverandi uppboðsnefndar.

Á uppboðinu verður mynt frá Ermarsundseyjunum Guernsey,

Jersey og Lunday, sumir þeirra yfir 100 ára gamlir. Ísraelskir peningar verða boðnir upp og talsvert af spesíum, skildingum og dolum frá Noregi og Danmörku frá 1750–1856. Meðal annarra hluta má nefna austurríska gullpeninga og 2000 króna hlutabréf í Íslandsbanka.



Óskar Vilhelm Guðmundsson

## Nafn mannsins sem beið bana

MADURINN, sem beið bana í vinnuslysi á Kothálsi á fimmtudag, hét Óskar Vilhelm Guðmundsson, til heimilis að Miðtúni 62 í Reykjavík. Óskar var 29 ára gamall, fæddur 16. desember 1956. Hann lætur eftir sig eiginkonu og tvö börn.

# Þjóðmál á sunnudegi

## Sunnudaginn 10. febrúar kl. 14.30

Hópuþsagnir kennara —  
Hrynur menntakerfið?  
Fulltrúar HÍK og menntamálaráðuneytisins mæta á fundinn.

Við erum í Grófinni Tryggvagötu 22